



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **NORÐURSLÓÐARÁÐSTEFNA Í PÉTURSBORG FUNDUR MEÐ FORSETA RÚSSLANDS**

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sækir norðurslóðaráðstefnu, International Arctic Forum, í Pétursborg í Rússlandi dagana 9. og 10. apríl. Á ráðstefnunni mun forseti m.a. taka þátt í pallborðsumræðum síðdegis þriðjudaginn 9. apríl ásamt Vladímír Pútín forseta Rússlands, Sauli Niinistö forseta Finnlands, Ernu Solberg forsætisráðherra Noregs og Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar. Málstofan ber yfirskriftina *Norðurslóðir – hafsjór tækifæra* (The Arctic: An Ocean of Opportunity).

Þá mun forseti einnig eiga fund með Vladímír Pútín, forseta Rússlands, miðvikudaginn 10. apríl. Fundinn situr einnig Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Forseti heimsækir Ríkisháskólann í Pétursborg að morgni miðvikudagsins 10. apríl. Hann mun eiga fund með rektor og flytja síðan opinberan fyrirlestur sem ber heitið “*We all protest!*” *Diversity, critique and freedom as the essence of historical research*. Við háskólann er m.a. öflug norrænudeild sem stofnuð var að frumkvæði Míkhaíls Ívanovítsj Steblín-Kamenskíj árið 1958 en hann var mikilvirkur fræðimaður og þýðandi á vettvangi íslenskra fornbókmennta.

Þá mun forseti einnig hitta að máli forystufólk á sviði viðskipta milli Rússlands og Íslands.

8. apríl 2019

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*